

76. stjórnarfundur Bergrisans bs.

9.9.2024

Staðsetning: fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 13:00.

Fundinn sátu: Bragi Bjarnason, Anton Kári Halldórsson, Ása Valdís Árnadóttir, Elliði Vignisson og Sandra Sigurðardóttir.

Frá þjónusturáði voru Svava Davíðsdóttir, Eyrún Hafþórsdóttir og Anný Ingimarsdóttir.

Frá Bergrisanum voru Íris Ellertsdóttir og Bjarki R. Kristjánsson.

Dagskrá

1. Fundargerð þjónusturáðs

Svava Davíðsdóttir, formaður þjónusturáðs, kynnir fundargerð þjónusturáðs númer 182.

2. Breytingar á NPA reglum Bergrisans

Verkefnastjóri fer yfir breytingar á NPA reglum Bergrisans.

Stjórn samþykkir breytingarnar og felur verkefnastjóra að ganga frá nýjum reglum.

3. Ályktun um aðgengi fatlaðs fólks að rafrænum skilríkjum

Verkefnastjóri fór yfir þá erfiðleika sem fatlað fólk stendur frammi fyrir vegna skorts á aðgengi að rafrænum skilríkjum til jafns við aðra. Lagt er til að unnið verði sameiginlegt erindi fyrir þjónustuvæði Bergrisans sem sent verður á viðeigandi ráðuneyti og stofnanir þar sem vakin er athygli á alvarleika stöðunnar. Jafnframt bókaði stjórn eftirfarandi um málið:

Stjórn og þjónusturáð Bergrisans hefur áhyggjur af núverandi stöðu þegar kemur að aðgengi fatlaðs fólks að rafrænum skilríkjum. Um er að ræða kerfislæga mismunun gagnvart fötluðu fólki en það hefur ekki aðgang að hinum ýmsu þjónustustofnunum sökum þess að þau hafa ekki aðgang að rafrænum skilríkjum. Stjórn og þjónusturáð beinir því til viðeigandi stofnana og ráðuneyta að flýta vinnu við að tryggja aðgengi að rafrænum skilríkjum fyrir fatlað fólk.

4. Beiðni um kostnaðarþáttöku - 101612

Verkefnastjóri fór yfir erindi sem barst vegna kostnaðarþáttöku í stoðþjónustu fyrir barn. Sótt er um 881.840 kr. á mánuði í 6 mánuði til viðbótar við þegar samþykktar 165.000.

Stjórn samþykkir beiðnina og mun Bergrisinn sækja um endurgreiðslu frá Jöfnunarsjóði á kostnaðargrunni.

5. Beiðni um kostnaðarþáttöku - 101767

Verkefnastjóri fór yfir erindi sem barst vegna kostnaðarþáttöku í stoðþjónustu fyrir barn. Sótt er um 881.840 kr. á mánuði í 6 mánuði til viðbótar við þegar samþykktar 165.000.

Stjórn samþykkir beiðnina og mun Bergrisinn sækja um endurgreiðslu frá Jöfnunarsjóði á kostnaðargrunni.

6. Skaftholt

Verkefnastjóri og skrifstofustjóri fóru yfir stöðu mála vegna Skaftholts og ræddu jafnframt drög að svarbréfi við erindi frá lögmanni stjórnar Skaftholts.

Stjórn samþykkir svarbréfið og felur verkefnastjóra og lögmanni að ganga frá því máli.

7. Aðalfundur Bergrisans

Rædd voru drög að dagskrá og dagsetningu. Samþykkt var að halda aðalfund Bergrisans þriðjudaginn 8. október kl. 13 á Teams. Skrifstofustjóra er falið að senda út fundarboð.

8. Breyting á samþykktum

Skrifstofustjóri kynnti drög að breytingum á samþykktum. Afgreiðslu var frestað og ákveðið að boða til aukafundar í stjórn til að ræða umræddar breytingar.

9. Önnur mál

Verkefnastjóri upplýsti um úttekt GEV.

Rætt var um að taka upp þóknun til stjórnarmanna. Umræðu var frestað og ákveðið að taka málið upp á aukafundi stjórnar.

Fundi slitið klukkan 14:45.

Undirritunarsíða

Anton Kári Halldórsson

Ása Valdís Árnadóttir

Elliði Vignisson

Sandra Sigurðardóttir

Bragi Bjarnason